



Fundargerð

**461. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi á Zoom,
15. apríl 2021, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Eva Björk Harðardóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Katrín Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er 6 bls.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Fundinum er einnig streymt beint á

Youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=HM8mXQKoKgg>

Oddviti leggur fram breytingu á dagskrá;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

13. Beiðni frá stjórn veiðifélags Skaftártungumanna 2103026 fellur út í stað þess kemur liður nr. 14 2103029 - Ytra Hraun ósk um stofnun lóðar.

Dagskrárbreyting samþykkt

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi;

23. mars svæðisskipulagsfundur

26. mars forstöðumannafundur

30. mars fundur vegna plokkviku í Skaftárhreppi

6. apríl fundur með ungmennaráði Skaftárhrepps

7. apríl 95. fundur í svæðisráði vestursvæðis VJB

7. apríl verkefnisstjórnarfundur vegna svæðisskipulags

8. apríl fundur með RR ráðgjöf vegna stöðu sameiningarverkefnis

8. apríl fundur í verkefnisstjórn Orkídeu

9. apríl fundur í samstarfsnefnd Sv. Suðurland

9. apríl stjórnarfundur Bergisans bs

12. apríl 1. fundur í ungmennaráði Skaftárhrepps

12. apríl stjórnarfundur Skógasafnsins

13. apríl fundur lögreglustjórans á Suðurlandi með sveitar- og bæjarstjórum vegna Covid 19

13. apríl verkefnisstjórnarfundur svæðisskipulags og Skipulagsstofnunar

13. apríl stjórnarfundur Kirkjubæjarstofu

13. apríl hluthafafundur Eldvilja ehf

14. apríl stöðufundur með fulltrúum Byggðastofnunar, ANR og SASS vegna styrks til atvinnuskapandi aðgerða til stuðnings atvinnulífs og samfélags.

Auglýsing um plokkvikuna kemur fyrir helgi. Verið er að leggja lokahönd á viðverustefnu sveitarfélagsins og hefur í því samhengi verið samið við þjónustu trúnaðarlæknis hjá Vinnuvernd. Sveitarstjóri verður með erindi á samráðsfundi SASS og samgöngu- og



sveitarstjórnarráðuneytisins vegna undirbúningsvinnu við gerð grænbókar um fjarskiptastefnu stjórnvalda

Fundargerðir til samþykktar

1. 2104002F - Skipulagsnefnd - 165

1.1 2103039 - Vegagerðin efnistaka úr Fagurhlíð. Ósk um framkvæmdaleyfi

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 165

Skipulagsnefnd samþykkir erindið

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

1.2 2104002 - Skipulagsstofnun - umsögn óskast vegna vegar yfir Núpsvötn

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 165

Skipulagsnefnd gefur eftirfarandi umsögn:

Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. apríl 2021 er óskað eftir umsögn Skaftárhrepps um hvort og á hvaða forsendum framkvæmd við nýjan veg yfir Núpsvötn skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrirhuguð er framkvæmd við nýja 150 m langa brú á Hringvegi 1 um Núpsvötn í Skaftárhreppi. Í tengslum við byggingu nýrrar brúar þarf að endurbyggja Hringveginn á 2 km löngum kafla. Framkvæmdin er ekki matsskyld en kanna þarf matsskyldu hennar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, 1. viðauka lið 10.09.

Samkvæmt tilkynningargögnum er markmið fyrirhugaðrar framkvæmdar að fækka einbreiðum brúm á Hringvegi. Með nýrri tvíbreiðri brú á Núpsvötnum og áningarstað, eykst umferðaröryggi og umferð um svæðið verður greiðari en hún er nú.

Skaftárhreppur tekur vel í að einbreiðum brúm verði fækkað innan sveitarfélagsins og er eitt af undirmarkmiðum í endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps að stuðla að auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar er innan svæðis á náttúruminjaskrá, Núpsvötn, Núpsstaðaskógur og Grænalóns.

Framkvæmdasvæðið verður í farvegi Núpsvatna en fyrirhuguðu svæði hefur verið nokkuð raskað með gerð vega og varnargarða og svo eru náttúrlegar breytingar í farveginum alltaf miklar.

Skaftárhreppur telur nægilega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni í tilkynningargögnum.

Skaftárhreppur gerir kröfu um að sérstaklega sé gert ráð fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda yfir brúna.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

1.3 2104003 - Mörk - umsókn um stofnun lóða úr landnúmeri L163410

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 165

Skipulagsnefnd samþykkir erindið

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

1.4 2104004 - Grund - umsókn um stofnun nýrrar lóðar úr landnúmeri L218493

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 165



Skipulagsnefnd samþykkir erindið

EBH, KG, BG og HGÁ staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. AH situr hjá við afgreiðsluna vegna vanhæfis.

- 1.5 2104005 - Hemra - umsókn um stofnun nýrrar lóðar úr landnúmeri L163355

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 165

Skipulagsnefnd samþykkir erindið

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 2104003F - Rekstrarnefnd - 131

- 2.1 2103003 - Ársuppgjör 2020

Niðurstaða Rekstrarnefnd - 131

Rekstrarnefnd vill þakka Hjúkrunarforstjóra sem og starfsfólki fyrir störf sín á síðastliðnu ári og aðhaldi í rekstri á erfiðum tímum. Rekstrarnefnd samþykkir drög að ársreikningi 2021 og vísar honum áfram til sveitarstjórnar til úrvinnslu.

Sveitarstjórn vísar ársreikningum til síðari umræðu.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

3. 2104006 - Hluthafafundur Eldvilja, dags. 13.04.2021

Þann 13. apríl 2021 tók hluthafafundur Eldvilja ehf., kt. 680400-2020, ákvörðun um að auka hlutfé félagsins, en Skaftárhreppur er hluthafi í félaginu og kemur til með að eiga 47,5% hlutfjár í kjölfar hlutfjárukningarinnar. Skaftárhreppur var á hluthafafundinum skráður, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar, fyrir hlutum að nafnverði 16.705.882 kr. og greiði fyrir nýja hluti með afhendingu fasteignarinnar að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri, með fasteignanr. F2190828. Fasteignin verður nýtt undir Þekkingarsetur.

Sveitarstjórn samþykkir að Skaftárhreppur skrái sig fyrir auknum hlutum að nafnverði 16.705.882 kr. á genginu 4,25. Kaupverð eignarhlutanna nemur því 71.000.000 kr. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að kaupverð eignarhlutans verði greitt með afhendingu framangreindrar fasteignar að Klausturvegi 4. Söluverð fasteignarinnar er í samræmi við verðmat fasteignasala 72.857.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra Skaftárhrepps, Söndru Brá Jóhannsdóttur, umboð til þess að undirrita öll skjöl er varða hlutfjárhækkun í félaginu Eldvilji ehf., kt. 680400-2020, sem og afsal fyrir fasteigninni að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjóri leggur fram viðauka við fjárhagsáætlun 2021 vegna málsins síðar á fundinum.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

4. 2005019 - Aukaaðalfundur Hulu bs. 20.01.2021

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þarf að staðfesta ákvörðun um breytingu á samþykktum félagsins Hulu bs sem tekin var á aukaaðalfundi 20. janúar sl.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir nýjar samþykktir Hulu bs. fyrir sitt

**leyti.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

5. 1912002 - Jafnlaunastefna Skaftárhrepps

Marta Karlsdóttir ráðgjafi kynnir tillögu að jafnlaunastjórnunarkerfi Skaftárhrepps sem er liður í jafnlaunavottunarferli sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar kynninguna og vísar ákvörðun um staðfestingu jafnlaunastjórnunarkerfisins til næsta fundar.

6. 2104008 - Tilkygning um hlutafjárukningu. Vottunarstofan Tún, dags. 07.04.2021

Stjórn Vottunarstofunar Túns samþykkti að nýta heimild sína til hlutafjárhækkunar. Núverandi hluthafar hafa forkaupsrétt að hinum nýju hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign og hafa frest til 22. apríl 2021 til að skrá sig fyrir hlutunum.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps mun ekki nýta sér forkaupsrétt sinn í hlutafjárukningu félagsins.

7. 2011001 - Tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021

Sveitarstjóri leggur til eftirfarandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2021 vegna ákvörðunar um kaupa á hlutafé í Eldvilja ehf í tengslum við hlutafjárukningu og afsal fasteignarinnar Klausturvegur 4, fastanr. F2190828:

Viðaukinn felur í sér hækkun á fjárfestingu í eignarhlutum í félögum í Aðalsjóði að fjárhæð 71.000.000 kr. og sölu á varanlegum rekstrarfjármunum úr Eignasjóði. Söluverð 72.857.000 kr. Mismunur kaupverðs eignarhlutanna og söluverðs fasteignarinnar að fjárhæð 1.857.000 kr. kemur til hækkunar á áætlðu handbæru fé sveitarfélagsins. Áætlaður tekjufærður söluhagnaður í Eignasjóði hækki vegna þessa um 53.230.000 kr., en áætlaður tekjufærður söluhagnaður í samanteknum reikningsskilum A og B hluta hækki um 27.946.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2021 vegna kaupa á hlutafé í tengslum við hlutafjárukningu Eldvilja ehf. og afsal fasteignarinnar Klausturvegi 4, fastanr. F2190828.

8. 2103003 - Ársreikningur 2020 - fyrri umræða

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi KPMG kynnir ársreikning Skaftárhrepps 2020.

Sveitarstjórn þakkar Auðunni Guðjónssyni fyrir greinargóða kynningu og sveitarstjóra fyrir góða fjármálastjórn á síðasta rekstrarári. Sveitarstjórn vísar ársreikningnum til síðari umræðu.

9. 2104009 - Opnunartími íþróttamiðstöðvar. Erindi USVS dags. 07.04.2021 og UMFÁ dags. 24.03.2021

Formenn USVS og Umfá gera athugasemdir við styttingu opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar.



Sveitarstjórn þakkar erindin. Sveitarstjórn felur íprótta- og tómstundanefnd að leita lausna í samstarfi við sveitarstjóra, forstöðumann ípróttamiðstöðvar og bréfitara.

10. 2103002 - Arfabót styrkbeiðni. Fornleifafræðistofan, dags. 10.12.2020

Fyrir fundinum liggur umsókn Dr. Bjarna F. Einarssonar fh. Fornleifastofunnar um áframahaldandi stuðning við fornleifarannsóknir í Arfabót á Mýrdalssandi.

Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að veita verkefninu 250 þús.kr. styrk sem er tekið af lið 0543-9191

Samþykkt á 164. fundi skipulagsnefndar 9. mars 2021

11. 2103029 - Prestbakki - stofnun lóða

Jón Jónsson kt. 110154-7399 óskar eftir heimild til að stofna lóð út úr Prestbakka L163423 sem fær heitið Prestbakki A skv. meðfylgjandi gögnum auk þessa að staðfest verði gps-hnit lóðanna L163242, L163630 og L163631

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar

12. 2104010 - Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki tók gildi þann 1. janúar sl. Starfsmenn áhaldahúss, skrifstofu og leikskóla hafa náð samkomulagi um fyrirkomulag styttingunnar. Aðrar stofnanir munu ljúka þessari vinnu fyrir sumarið.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirliggjandi fundargerðir starfsmanna áhaldahúss, skrifstofu og heilsuleikskólans Kærabæjar.

13. 2010007 - Klausturvegur 4 - tillaga að deiliskipulagi

Meirihluti sveitarstjórnar fól sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa á 460. fundi sveitarstjórnar þann 22. mars sl. að leggja fram deiliskipulagstillögu vegna Klausturvegar 4 með Errósetri.

Afgreiðslu málsins frestað

Samþykkt á 164. fundi skipulagsnefndar 9. mars 2021

14. 2103028 - Ytra-Hraun ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163465

Arnar Eysteinn Sigurðsson kt. 190635-2289 og Guðlaugur Sigurðsson kt. 260239-2799 óska eftir heimild til að stofna lóð út úr Ytra-Hrauni L163465, sem fær nafnið Leiðarendi skv. meðf. gögnum

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar

Fundargerðir til kynningar

15. 1801013 - Fundargerðir til kynningar

*568. fundur stjórnar SASS, dags. 24.03.2021
896. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags 26.03.2021
Stjórnarfundur Hulu bs., dags. 20.01.2021
1. fundur ungmennaráðs Skaftárhrepps, dags. 12.04.2021*

Fundargerðir kynntar sveitarstjórn

Annað kynningarefni



16. 1801013 - Annað kynningarefni

Aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu við Íslenskt atvinnulíf og heimili.

Samband Íslenskra sveitarfélaga, dags 30.03.2021

Staða verkefna í viðspyrnuáætlun með aðgerðapakka. Samband Íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.03.2021

Styrktarsjóður EBÍ 2021. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, dags. 26.03.2021

12. Stöðuskýrsla uppbyggingarteymis félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19, dags. 25.03.2021

Erindi kynnt

Fundargerð lesin upp og samþykkt af fundarmönnum með tölvupósti til sveitarstjóra.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður miðvikudaginn 12. maí nk

Fundi slitið kl. 18:06.

Eva Björk Harðardóttir

Arndís Jóhanna Harðardóttir

Bjarki Guðnason

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Katrín Gunnarsdóttir
